



Jafnréttismál

Samþykkt fyrir jafnréttisnefnd

1. grein

Jafnréttisnefnd starfar, í umboði sveitarstjórnar, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

2. grein

Í jafnréttisnefnd eiga sæti 5 fulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kýs nefndin sér formann, varaformann og ritara.

3. grein

Jafnréttisnefnd skal móta stefnu í jafnréttismálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varða verksvið hennar. Hún er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum sem varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar að jafnréttisáætlun sveitarfélagsins til fjögurra ára í senn, sem lögð skal fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Gildandi jafnréttisáætlun liggur til grundvallar vinnu nefndarinnar. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum hennar og stefnumörkun á sviði jafnréttismála sé fylgt.

4. grein

Formaður jafnréttisnefndar boðar til funda, stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Sveitarstjóra er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt getur nefndin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni.



5. grein

Jafnréttisnefnd heldur að lágmarki fundi ársfjórðungslega. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða a. m. k. þrjú nefndarmenn óska þess.

Fundir jafnréttisnefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra nefndarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna mætir til fundar. Engin bindandi ályktun er gerð nema fundur sé lögmætur.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritari kemur fundargerðum til sveitarstjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta fundi hreppsnefndar.

6. grein

Um hæfi jafnréttisnefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp sveitarstjórnar.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla nefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna skv. lögum eða eðli máls.

7. grein

Við meðferð mála hjá jafnréttisnefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Jafnréttisnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Ákvarðanir skulu þá teknar svo skjótt sem við verður komið eftir að mál hefur verið nóg samlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir nefndinni áður en ákvörðun er tekin, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Ákvörðun jafnréttisnefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur. Einnig skulu fylgja upplýsingar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til athafna.



8. grein

Jafnréttisnefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði hennar ef

1. lög eða aðili máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varðar ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Jafnréttisnefnd felur sveitarstjóra fullnaðarafgreiðslu mála sem hún hefur mótað reglur um og samþykktar hafa verið í sveitarstjórn.

9. grein

Endurupptaka er heimil innan þriggja vikna frá því að aðili máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðun jafnréttisnefndar – og beina þá kröfu sinni til sveitarstjórnar.

Aðila máls heimilt að kæra ákvörðun jafnréttisnefndar til æðra stjórnvalds sem við á, til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Staðfest í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.